



160 fundur stjórnar SSV

Fundur haldinn í stjórn SSV, miðvikudaginn 10. mars 2021 kl. 09:30 í gegnum fjarfundabúnað.

Mætt voru: Lilja B. Ágústsdóttir, Bára Daðadóttir, Einar Brandsson, Brynja Þorbjörnsdóttir, Ástríður Guðmundsdóttir, Davíð Sigurðsson, Eyjólfur Ingvi Bjarnason, Sif Matthíasdóttir, Jakob B. Jakobsson, Jósef Kjartansson, Björn Hilmarsson og Atli Svansson. Auk þess sat fundinn Páll S. Brynjarsson framkvæmdastjóri SSV sem ritaði fundargerð. Margrét Björk fagstjóri hjá SSV sat fund undir dagskrárliðum 10 og 11 og Sigríður Helga Sveinsdóttir frá KPMG sat fundinn undir dagskrárlið 2.

Lilja Ágústsdóttir, formaður SSV, setti fund kl. 09:30

1. Fundargerð 159 fundar stjórnar SSV

Formaður lagði fram fundargerð frá 159 fundi stjórnar SSV til staðfestingar. Stjórn staðfesti fundargerðina.

2. Ársreikningur SSV

Sigríður Helga Sveinsdóttir endurskoðandi hjá KPMG kynnti niðurstöður ársreiknings SSV 2020 og bréf endurskoðenda til stjórnar. Í ársreikningi kom fram að hagnaður varð á rekstri SSV á árinu að upphæð 9.957.366 kr., eigið fé samtakanna er 87.506.244 kr. og veltufé frá rekstri er 10.303.933 kr. Stjórn samþykkti reikninginn fyrir sitt leiti og vísar honum til umfjöllunar á aðalfundi.

3. Ársskýrsla SSV

Framkvæmdastjóri fór yfir vinnu við ársskýrslu SSV, en hún verður lögð fram á aðalfundi.

4. Aðalfundur SSV

Lögð fram drög að dagskrá aðalfundar og tillögur varðandi einstaka dagskrárliði. Stjórn samþykkti dagskrá aðalfundar. Umræða varð um launamál stjórnar og vinnuhópa á vegum SSV og var framkvæmdastjóra falið að afla upplýsinga hjá öðrum landshlutasamtökum um þessi mál.

5. Áhersluverkefni Sóknaráætlunar Vesturlands

Stýrihópur stjórnarráðsins um byggðamál hefur samþykkt áhersluverkefni Sóknaráætlunar Vesturlands fyrir árið 2021. Tillaga að verkefnum byggði á áherslum samráðsvettvangs sóknaráætlunar Vesturlands sem voru unnar frekar af stjórn SSV. Á árinu 2021 verður unnið að fjórum nýjum verkefnum, en sjö eldri verkefni eru ennþá í vinnslu.

6. Samningur við Breið

Lögð fram drög að samningi við Breið þróunarfélag um stuðning við rekstur Fab-Lab smiðju. Stjórn tók jákvætt í samninginn, en umræða varð um tímalengd hans. Stjórn fól framkvæmdastjóra að vinna áfram að verkefninu.

7. Skýrsla um stöðu og hlutverk landshlutasamtaka

Lögð fram til umræðu skýrsla um stöðu og hlutverk landshlutasamtaka. Stjórn SSV þakkar vinnuhópi samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra fyrir vel unna skýrslu og gott samstarf á meðan á vinnunni stóð. Stjórn tekur undir þær áherslur sem koma fram í kafla 6 um tillögur til úrbóta og hvetur til þess að þeim verði hrint í framkvæmd og þá sérstaklega tillögu um endurskoðun á 97 gr. sveitarstjórnarlaga um hlutverk landshlutasamtaka.

8. Heimasíða SSV

Framkvæmdastjóri fór yfir tilboð frá Netvöktun ehf. um breytingar á heimasíðu SSV. Stjórn samþykkti tilboð Netvöktunar.

9. Skipurit SSV

Framkvæmdastjóri kynnti breytingar á uppsetningu skipurits SSV sem gerðar hafa verið til þess að skýra hlutverk áfangastaða- og markaðssviðs, sem nær yfir nýstofnaða Áfangastaðastofu Vesturlands og Markaðsstofu Vesturlands. Stjórn gerði ekki athugasemdir við breytingarnar.

10. Áfangastaðaáætlun Vesturlands

Á fundinn mætti Margrét Björk Björnsdóttir fagstjóri og kynnti uppfærða Áfangastaðaáætlun Vesturlands. Skýrsluna má finna á <https://ssv.is/frettir/afangastadaaaetlun-vesturlands-kom-ut-i-dag/>

11. Kjósarhreppur

Framlögð drög að samningi við Kjósarhrepp um þjónustu Áfangastaðastofu Vesturlands. Stjórn samþykkti samninginn og heimilaði framkvæmdastjóra að undirrita hann.

12. Lénið Vesturland.is

SSV hefur frá upphafi átt lénið vesturland.is, en hefur frá árinu 2001 heimilað tölvufyrirtækjum á Vesturlandi að nýta lénið. Umræða hefur verið um að SSV taki lénið til sín aftur þar eða forsendur samnings hafa breyst. Stjórn samþykkti að fela framkvæmdastjóra að óska eftir upplýsingum um notkun lénsins hjá viðkomandi fyrirtæki

13. Öldrunarþjónusta á Vesturlandi

Lagt fram minnisblað um starf vinnuhóps um öldrunarþjónustu á Vesturlandi, en einnig var kynntur tölvupóstur frá sveitarstjóra Dalabyggðar um rekstur og rekstrarumhverfi hjúkrunar- og dvalarheimila þar sem hvatt er til þess að hópurninn taki þau mál til skoðunar. Stjórn ræddi um

vinnu hópsins sem og stöðuna á rekstri hjúkrunarheimila. Stjórn fer þess að á leit við vinnuhóp um öldrunarþjónustu að hann taki til umfjöllunar rekstur og rekstrarumhverfi hjúkrunar- og dvalarheimila á Vesturlandi.

14. Íbúakönnun

Lagt fram minnisblað með tillögu að verkefnum sem SSV fari í með hliðsjón af niðurstöðu íbúakönnunar á Vesturlandi. Stjórn samþykkti að fela framkvæmdastjóra að óska eftir fundi með framkvæmdastjóra HVE og vegamálastjóra. Jafnframt var samþykkt að skipulagsmál yrðu umræðuefni á fyrirhuguðum fræðsludegi SSV fyrir sveitarstjórnarfulltrúa. Loks var rætt um niðurstöður könnunarinnar varðandi atvinnuúrval og atvinnuöryggi á Vesturlandi. Í tengslum við þá umræðu samþykkti stjórn eftirfarandi bókun;

„Stjórn SSV fagnar því að atvinnu- og nýsköpunarráðuneytið og Íslandsstofa hafi undirritað samkomulag um Græna dregilinn, verkefni sem unnið var að með atvinnuráðgjöf landshlutasamtakanna vítt og breitt um landið. Markmiðið með verkefninu er að bæta þjónustu og umhverfi nýjársfestingaverkefna og gera ferla samfelldari, einfaldari og skilvirkari, allt frá hugmynd að rekstri.

Verkefnið Græni dregillinn leggur m.a. áherslu á að undirbúa atvinnusvæði svo þar sé hægt að fullnýta auðlindastrauma og efla hringrásarhagkerfið. Um leið er stefnt að því að einfalda fjárfestingarferla og markaðssetja tækifæri víða um land á markvissan hátt.

Stjórn SSV bendir á að mikilvægt er að verkefni eins og Græni dregillinn auðveldi og styðji við undirbúning atvinnusvæða þannig að hægt sé að ráðast í framkvæmdir til þess að tryggja að nauðsynlegir innviðir séu til staðar, annað hvort með stuðningi hins opinbera eða með aðkomu fjárfesta við innviðuppbyggingu. Á Vesturlandi eru dæmi þess að öflug atvinnuuppbygging í samstarfi við erlenda aðila strandar á því að veitufyrirtæki eru ekki tilbúin til þess að leggja í kostnað við uppbyggingu innviða nema að viðkomandi fyrirtæki kosti uppbygginguna. Þessi staða er með öllu óviðunandi og því mikilvægt að stjórnvöld leiti allra leiða til þess að hægt sé að koma til móts við uppbyggingu innviða á atvinnusvæðum.

Stjórn SSV hvetur atvinnu- og nýsköpunarráðuneytið nú þegar til þess að hefja vinnu með það að markmiði að tryggja mögulega aðkomu stjórnvalda eða fjárfesta við undirbúning atvinnusvæða og uppbyggingu innviða á þeim.“

15. Framlögð mál

- a. Fundargerðir annarra landshlutasamtaka
- b. Fundargerð frá fundi í Sambandi íslenskra sveitarfélaga.

Fundi slitið kl. 12:35